

---

Skýrsla um starfsemi  
yfirkattanevndar  
á árinu 2022

---

## 1. Hlutverk yfirskattanefndar

Yfirskattanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum, og öðrum lögum þar sem kveðið er á um verkefni og skyldur nefndarinnar.

Yfirskattanefnd er æðsti úrskurðaraðili innan stjórnarsýslunnar í þeim málum sem í valdsvið hennar eru lögð. Ákvörðunum nefndarinnar verður því ekki skotið til fjármála- og efnahagsráðherra eða annars aðila innan stjórnarsýslunnar.

Í lögum um yfirskattanefnd er mælt fyrir um að nefndin skuli úrskurða í kærumálum vegna skatta, gjalda og sekta sem lagðar eru á eða ákvarðaðar af ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra í umboði hans. Þá skuli nefndin úrskurða í kærumálum vegna ákvarðana tollyfirvalda og annarra stjórnvalda um álagningu skatta og gjalda, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Í lögum er kveðið á um nokkur önnur verkefni yfirskattanefndar sem varða skattalöggjöf á ýmsan hátt.

Með lögum nr. 29/2021, um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, sem öðluðust gildi þann 1. maí 2021, voru m.a. gerðar þær breytingar á tilhögun skattamála að embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins var lagt niður frá og með 1. maí 2021 og varð frá þeim degi sérstök eining innan Skattsins með heitinu skattrannsóknarstjóri. Samhliða þessu var gerð sú breyting á hlutverki yfirskattanefndar að nefndin tekur ekki lengur frumákvörðun um skattsektir heldur ber yfirskattanefnd að úrskurða um kærur vegna sektarákvarðana skattrannsóknarstjóra og fara þannig með endurskoðun slíkra ákvarðana að fenginni kæru. Öllum sektarmálum, sem var ólokið fyrir yfirskattanefnd við gildistöku laganna þann 1. maí 2021, var í kjölfarið vísað frá yfirskattanefnd og send ríkisskattstjóra til meðferðar, sbr. t.d. úrskurð yfirskattanefndar nr. 87/2021.

Verkefni yfirskattanefndar á árinu 2022 má sundurliða sem hér segir:

- Kærumál vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta og skattstofna, svo og vegna annarra ákvarðana ríkisskattstjóra, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Samkvæmt þessu má m.a. skjóta til nefndarinnar ákvörðunum (úrskurðum) ríkisskattstjóra um tekjuskatt (lög nr. 90/2003), útsvar (lög nr. 4/1995), tryggingagjald (lög nr. 113/1990), virðisaukaskatt (lög nr. 50/1988) og bifreiðaskatta (lög nr. 87/2004 og nr. 39/1988). Jafnframt úrskurðar yfirskattanefnd um kærur vegna bindandi álita sem ríkisskattstjóri lætur uppi samkvæmt lögum um bindandi álit í skattamálum (lög nr. 91/1998). Tilteknar sektarákvarðanir ársreikningaskrár og ákvarðanir ríkisskattstjóra um endurgreiðslur virðisaukaskatts eru einnig kærnanlegar til yfirskattanefndar, sem og ákvarðanir hans um lokunarstyrki (lög nr. 38/2020), tekjufallsstyrki (lög nr. 118/2020) og viðspyrnustyrki (lög nr. 160/2020).
- Kærumál vegna ágreinings innflytjenda og tollyfirvalda í tollamálum (tollalög nr. 88/2005), þar á meðal vegna ákvörðunar tollyfirvalda um gjaldskyldu,

tollverð og tollflokkun. Einnig má kæra bindandi álit tollyfirvalda um tollflokkun vöru til yfirskattanefndar.

- Kærumál vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt (lög nr. 14/2004) og stimpilgjald (lög nr. 138/2013).
- Kærumál vegna ákvarðana um fjárhæð endurgreiðslna til kvikmyndaframleiðenda (lög nr. 43/1999) og bókaútfendna (lög nr. 130/2018).

## 2. Tölulegar upplýsingar

### 2.1. Kærur og önnur mál til yfirskattanefndar árið 2022

Í ársbyrjun 2022 voru 56 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd, en þar af lágu málgögn og eftir atvikum umsögn viðkomandi stjórnvalds fyrir í 50 málum sem voru þannig tilbúin til meðferðar.

Á árinu 2022 bárust yfirskattanefnd 173 mál til meðferðar. Þar af voru 155 kærur vegna ákvarðana ríkisskattstjóra um skatta, gjöld og endurgreiðslur, átta kærur vegna tollamála, tvær kærur vegna sektarákvarðana skattrannsóknarstjóra og átta kærur vegna ákvarðana sýslumanna um erfðafjárskatt eða stimpilgjald, þ.e. alls 173 kærumál.

Fjöldi nýrra mála til yfirskattanefndar á árinu 2022 voru heldur færri en á undanförunum árum. Þetta kemur nánar fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 1. Ný mál á árunum 2017–2022.

	2017	2018	2019	2020	2021	Meðaltal 2017-2021	2022
Skattamál	131	161	145	165	185		155
Tollamál	5	16	13	13	12		8
SRS	37	30	26	18	9		2
Sýslum.o.fl.	15	2	8	19	8		8
<b>Samtals</b>	<b>188</b>	<b>209</b>	<b>192</b>	<b>206</b>	<b>214</b>	<b>202</b>	<b>173</b>

### 2.2. Afgreidd mál árið 2022

Á árinu 2022 kvað yfirskattanefnd upp 158 úrskurði. Þá lauk fjórum málum með því að kærandi afturkallaði kæru sína. Samtals voru því afgreidd 162 mál á árinu. Samanburður við afgreidd mál á fimm síðustu árum kemur fram í eftirfarandi yfirliti:

Tafla 2. Afgreidd mál á árunum 2017–2022.

	2017	2018	2019	2020	2021	Meðaltal 2017-2021	2022
Úrskurðir							
– kærumál	177	162	167	169	214		158
– sektarmál	25	40	34	22	9		0
Annað	6	4	11	5	1		4
<b>Samtals</b>	<b>208</b>	<b>206</b>	<b>212</b>	<b>196</b>	<b>224</b>	<b>209</b>	<b>162</b>

Það einkennir afgreidd mál á árinu að nokkur hluti þeirra var vegna kærumála í tilefni mótvægisáðgerða stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Úrskurðir um slík mál voru 18 talsins.

Í eftirfarandi töflu er gerð nánari grein fyrir afgreiðslu mála árið 2022. Kemur þar fram móttökuár þeirra mála sem afgreidd voru á árinu.

Tafla 3. Afgreidd mál á árinu 2022.

Komuár	Mál til meðferðar 1.1.2022	Ný mál á árinu	Úrskurðir	Önnur málalok	Samtals afgreidd mál	Ólokið 31.12. 2022
2021	56		56		56	
2022		173	102	4	106	68
Samtals	56	173	158	4	162	68

Eins og taflan ber með sér var á árinu 2022 lokið við öll mál sem voru til meðferðar frá fyrra ári. Þá voru rúmlega 61% mála sem bárust á árinu 2022 afgreidd á sama ári.

### 2.3. Niðurstöður mála

Í töflu 4 er að finna skiptingu úrskurða í kærumálum eftir niðurstöðu máls. Úrskurðir í kærumálum eru felldir í flokka eftir því hvort úrskurður leiddi til lækkunar gjalda eða ekki. Í fyrri flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem krafa kæranda er tekin til greina að hluta eða öllu leyti eða ákvörðun stjórnvalds er felld úr gildi. Í síðari flokkinn eru taldir úrskurðir þar sem hin kærða ákvörðun stendur óhögguð sökum þess að kröfu kæranda er hafnað að öllu leyti eða ef máli er vísað frá yfirskattanefnd. Til samanburðar eru tölur tveggja fyrri ára.

Tafla 4. Niðurstöður úrskurða árin 2020, 2021 og 2022.

Ár	Kærumál		
	Fjöldi úrskurða	Lækkun gjalda	Önnur niðurstaða
Árið 2020	169	73 (43%)	96 (57%)
Árið 2021	214	84 (39%)	130 (61%)
Árið 2022	158	43 (27%)	115 (73%)

Í töflu hér að neðan er að finna nánari greiningu úrskurða í kærumálum á árinu 2022, alls 158 úrskurða, með tilliti til niðurstöðu þeirra. Liðurinn „Fallist á kröfu að öllu leyti“ tekur m.a. til þess þegar hin kærða ákvörðun er felld úr gildi vegna annmarka á meðferð máls, einnig þegar það leiðir til þess að kæru er vísað til meðferðar stjórnvalds að nýju. Liðurinn „Máli vísað til meðferðar að nýju“ á aðallega við um tilvik þegar kæruefni hefur ekki verið lagt fyrir stjórnvald eða mál af annarri ástæðu ekki fengið fullnægjandi meðferð hjá stjórnvaldinu.

Tafla 5. Niðurstöður úrskurða í kærumálum árið 2022.

Stjórnvald	Fallist á kröfu að öllu leyti	Fallist á kröfu að hluta	Máli vísað til meðferðar að nýju	Kæru hafnað eða vísað frá
Ríkisskattstjóri	29	7	19	88
Tollgæslustjóri	4			3
Sýslumenn	1	1	1	4
Stuðn. bóka á ísl.	1			
<b>Samtals</b>	<b>35</b>	<b>8</b>	<b>20</b>	<b>95</b>

#### 2.4. Gjaldabreytingar yfirskattanefndar

Samkvæmt lögum um yfirskattanefnd er meginregla að viðkomandi stjórnvald (ríkisskattstjóri, sýslumaður o.s.frv.) skal framkvæma gjaldabreytingar sem stafa af úrskurði yfirskattanefndar. Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að yfirskattanefnd framkvæmi gjaldabreytingar er varða ákveðna skatta og/eða gjöld. Hefur sú heimild verið nýtt hvað snertir (a) tekjuskatt og önnur gjöld til ríkissjóðs sem ríkisskattstjóri leggur á einstaklinga eða lögaðila samhliða tekjuskatti, (b) útsvar og (c) virðisaukaskatt vegna viðskipta innanlands.

Í töflu 6 er að finna yfirlit um gjaldabreytingar sem leitt hafa af úrskurðum yfirskattanefndar á árinu 2022 og nefndin hefur tilkynnt til innheimtumanns. Breytingar á yfirfæranlegu tapi eru ekki taldar til gjaldabreytinga í þessu sambandi. Jafnframt kemur fram í töflunni fjárhæð málskostnaðar sem úrskurðaður hefur verið til greiðslu úr ríkissjóði. Til samanburðar eru fjárhæðir fyrir árið 2021. Til viðbótar gjaldabreytingum samkvæmt þessu yfirliti koma breytingar á aðflutningsgjöldum og öðrum sköttum eða gjöldum sem stjórnvöld framkvæma vegna úrskurða yfirskattanefndar.

Tafla 6. Yfirlit um tilkynntar gjaldabreytingar, skattsektir og málskostnað samkvæmt úrskurðum yfirskattanefndar árið 2022.


	Árið 2022	Árið 2021
Tekjuskattur og önnur gjöld til ríkissjóðs sem lögð eru á samhliða álagningu tekjuskatts, þ.m.t. hækkun frádráttarliða (barnabætur, vaxtabætur, skattafsláttur v/þróunarkostnaðar o.fl.)	-66.563.003	-900.824.938
Útsvar	-7.522.816	-202.484.054
Virðisaukaskattur	-84.191.655	-15.570.893
<b>Alls lækkun gjalda</b>	<b>-158.277.474</b>	<b>-1.118.879.485</b>
<b>Málskostnaður úr ríkissjóði</b>	<b>4.005.000</b>	<b>5.480.000</b>

## 2.5. Mál til meðferðar í árslok 2022

Í árslok 2022 voru 68 mál til meðferðar hjá yfirskattanefnd. Þar af voru sex mál til umsagnar hjá ríkisskattstjóra eða öðru stjórnvaldi eða höfðu ekki verið send til umsagnar í árslok. Þannig voru 62 mál tilbúin til meðferðar fyrir nefndinni. Í árslok hafði ekki tekist að ljúka fjórum málum fyrir tilskilinn tíma yfirskattanefndar til afgreiðslu mála.

Á mynd 1 er að finna yfirlit um mál sem til meðferðar voru í árslok 2015–2022, sundurliðað eftir því hversu lengi mál hafði beðið afgreiðslu.


Mynd 1. Mál til meðferðar í árslok 2015–2022, sundurliðað eftir aldri.



## 2.6. Málsmeðferðartími

Hámarksfrestur yfirskattanefndar til að úrskurða í málum er u.þ.b. 7,5 mánuðir eða um 225 dagar. Á mynd 2 er gerð grein fyrir þróun málsmeðferðartíma á árunum 2015–2022, talið í dögum frá móttöku máls þar til úrskurður var sendur málsaðila. Málsmeðferðartími var að meðaltali 144 dagar á árinu 2022. Lengst var mál 442 daga til meðferðar en skemmst 36 daga.

Mynd 2. Málsmeðferðartími (dagar) árin 2015–2022.



## 2.7. Samstarf við aðrar úrskurðarnefndir

Frá árinu 2020 hefur yfirskattanefnd deilt húsnæði sínu á 2. hæð Borgartúns 21 með úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (UUA). Samkvæmt samningi nefndanna hafa þær hvor um sig einkaafnot af tilteknu skrifstofurými, svo og er netkerfi og allur tölvubúnaður aðskilinn. Að öðru leyti er aðstaða nefndanna sameiginleg, þar á meðal afgreiðsla, fundaherbergi og kaffistofa. Að mati yfirskattanefndar hefur þetta samstarf reynst vel.

Frá ársbyrjun 2020 hefur yfirskattanefnd annast um skrifstofuhald fyrir kærufnd útboðsmála (KNU). Það felst m.a. í þessu verkefni að taka við kærum og öðrum gögnum til nefndarinnar, skrá þau og miðla til viðkomandi varnar- og hagsmunaaðila, annast samskipti við nefndarmenn, svo og að sjá um birtingu ákvarðana og úrskurða, þar á meðal á vefsvæði til opinberrar birtingar. Starfsmaður sem sinnir hliðstæðum viðfangsefnum vegna yfirskattanefndar hefur aðallega annast þessi störf. Frá því síðla árs 2021 hefur lögfræðimenntaður starfsmaður yfirskattanefndar haft þann aðalstarfa að undirbúa mál til úrskurðar á vegum KNU og annast ýmsa umsýslu vegna nefndarinnar. Má ætla að frá þeim tíma teljist rúmlega eitt og hálf stöðugildi hjá yfirskattanefnd vera vegna KNU. Á árinu 2022 bárust 46 mál til meðferðar hjá KNU.

## 2.8. Birting úrskurða

Úrskurðir yfirskattanefndar, sem teljast hafa almenna þýðingu, eru birtir á vef nefndarinnar. Úrskurðir ársins 2022, sem hér falla undir, voru allir birtir innan 30 daga frá því að þeir voru kveðnir upp, svo sem að er stefnt eftir þeim markmiðum sem nefndin hefur sett sér. Alls hafa verið birtir 88 úrskurðir, uppkveðnir á árinu 2022, á vef nefndarinnar og er það um 55,7% af uppkveðnum úrskurðum ársins 2022. Til samanburðar voru birtir 113 úrskurðir frá fyrra ári sem er um 50,7% af uppkveðnum úrskurðum ársins 2021.



### 3. Nefndarmenn og starfsmenn

Í yfirskattanefnd skulu eiga sæti fimm eða sex menn, þar af fjórir sem hafa starfið að aðalstarfi. Nefndarmenn eru skipaðir til starfa til sex ára í senn.

Nefndarmenn, sem höfðu starfið að aðalstarfi á árinu 2022, voru:

- Anna Dóra Helgadóttir, lögfræðingur.
- Ólafur Ólafsson, lögfræðingur, varaformaður.
- Sverrir Örn Björnsson, lögfræðingur, formaður.
- Þórarinn Egill Þórarinsson, lögfræðingur.

Nefndarmaður í hlutastarfi á árinu 2022 var:

- Bjarnveig Eiríksdóttir, lögmaður.

Júlíus Smári, lögfræðingur, gegndi starfi skrifstofustjóra yfirskattanefndar. Auk hans og þeirra nefndarmanna, er hafa starfið að aðalstarfi, voru meginhluta ársins 2022 fjórir starfsmenn hjá yfirskattanefnd. Ársverk voru 8,6 sem var óbreytt frá fyrra ári.

## 4. Útdráttur úr ársreikningi fyrir árið 2022

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	2022	2021
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	187.200.000	168.600.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	16.653.887	17.233.496
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	904.332	878.066
<b>Tekjur samtals</b>	<u>204.758.219</u>	<u>186.711.562</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður ...	156.127.637	151.908.393
Annar rekstrarkostnaður .....	42.967.012	39.858.763
Afskriftir .....	904.332	878.066
<b>Gjöld samtals</b>	<u>199.998.981</u>	<u>192.645.222</u>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>	4.759.238	(5.933.660)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	<u>(1.421)</u>	<u>(19)</u>
<b>Afkoma ársins</b>	<u>4.757.817</u>	<u>(5.933.679)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>		
<b>Fastafjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	2.509.587	3.085.715
Farartæki og vélar .....	17.270	19.225
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<u>2.526.857</u>	<u>3.104.940</u>
<b>Veltufjármunir</b>		
Tengdir aðilar .....	40.882.272	31.136.639
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	284.006	847.120
Handbært fé .....	16.043	2.669.479
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<u>41.182.321</u>	<u>34.653.238</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>43.709.178</u>	<u>37.758.178</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Hrein eign .....	17.844.138	13.086.321
<b>Eigið fé samtals</b>	<u>17.844.138</u>	<u>13.086.321</u>
 <b>Skuldir</b>		
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Tengdir aðilar	17.340	0
Viðskiptaskuldir .....	789.703	872.702
Ýmsar skammtímaskuldir.....	20.158.881	19.395.707
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	4.899.116	4.403.448
<b>Skuldir samtals</b>	<u>25.865.040</u>	<u>24.671.857</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>43.709.178</u>	<u>37.758.178</u>